

From: Vigdís Halldórsdóttir [<mailto:vigdis@sff.is>]
Sent: 10. janúar 2013 15:55
To: Eiríkur Áki Eggertsson
Subject: frumvarp til laga um útgáfu og meðferð rafeyris

Sæll Eiríkur Áki,

SFF vilja koma á framfæri viðbótum við fyrri athugasemdir sem samtökin hafa sent um málið. Í lok umsagnar SFF var fjallað um b. lið 2. töluliðar. 46. gr. frumvarpsins. Við nánari skoðun töldu SFF að ekki væri hægt að standa á þeim athugasemdum og á fundi hjá þingnefndinni, kom fram að SFF töldu að þær athugasemdir ekki eiga við. Síðan þá hefur þetta verið skoðað nánar og var Logos m.a. fengið til að skoða þetta betur.

Í framhaldi af nánari skoðun er það afstaða SFF að það sé andstætt innri markaði Evrópu ef útgefendur rafeyris sitja ekki við sama borð í samkeppni, þ.e. ef sumir þurfa að framkvæma áreiðanleikakönnun við 250 EVR en aðrir ekki. T.d. Ef fyrirtæki í London vill fá útgefinn rafeyrir fyrir starfsmenn á ferðalögum í Bretlandi. Þeir fá þá tilboð frá breskum aðila og íslenskum. Íslenski aðilinn tekur fram að hann verði að framkvæma áreiðanleikakönnun á starfsmanni sem fái kortið fari það yfir 250 EVR en breski aðilinn þarf það ekki. Augljóslega er ekki samið við íslenska aðilann að því að hitt er mikil skriffinnsla og óþjálmt fyrir starfsmenn. Aðrir útgefendur en breskir ættu því ekki möguleika í samkeppninni.

Orðalag tilskipunarinnar er eftirfarandi:

By way of derogation from Articles 7(a), (b) and (d), 8 and 9(1), Member States may allow the institutions and persons covered by this Directive not to apply customer due diligence in respect of:

....

‘(d) electronic money, as defined in point 2 of Article 2 of Directive 2009/110/EC of the European Parliament and of the Council of 16 September 2009 on the taking up, pursuit and prudential supervision of the business of electronic money institutions (*) where, if it is not possible to recharge, the maximum amount stored electronically in the device is no more than EUR 250, or where, if it is possible to recharge, a limit of EUR 2 500 is imposed on the total amount transacted in a calendar year, except when an amount of EUR 1 000 or more is redeemed in that same calendar year upon the electronic money holder’s request in accordance with Article 11 of Directive 2009/110/EC. **As regards national payment transactions, Member States or their competent authorities may increase the amount of EUR 250 referred to in this point to a ceiling of EUR 500.**

Samkvæmt álitum Logos þegar um er að ræða innanlandsfærslur þá má hækka EUR 250 í EUR 500, þ.e. ekki þarf að framkvæma skoðun jafnvel þótt færsla sé hærri en EUR 250 en þó ekki hærri en EUR 500. Að öðru leyti gilda sömu reglur. Þetta hefur líklega verið upphaflega meiningin í íslenska ákvæðinu en það er þó ekki endilega auðvelt að skilja:

Við útgáfu rafeyris, í skilningi laga um útgáfu og meðferð rafeyris, þegar fjárhæð rafeyris sem geymd er á greiðslumiðli fer ekki yfir 250 evrur þegar um er að ræða greiðslumiðil sem ekki er hægt að endurhlaða eða fjárhæð rafeyris sem geymd er á greiðslumiðli fer ekki yfir 500 evrur þegar um er að ræða greiðslumiðil sem ekki er hægt að endurhlaða og **aðeins er hægt að nota hérlandis** eða heildarfjárhæð rafeyris sem geymd er á greiðslumiðli fer ekki yfir 2.500 evrur á almanaksárinu þegar um er að ræða endurhlaðanlegan greiðslumiðil, nema þegar handhafi innleysir rafeyri að hærri fjárhæð en 1.000 evrur innan sama almanaksárs.

Það þarf því að setja skýr mörk á milli þessara þriggja reglna sem ákvæðið tekur til þó er aðal atriðið að skýra þarf orðalagið þannig að ekki sé talað um greiðslumiðil sem „ aðeins er hægt að nota héraendis“ heldur „greiðslu/færslu sem á sér stað innanlands“ eða greiðslu/færslu sem á sér stað innan sama lands“.

Fyrri rökstuðningur SFF stendur því en og er vísað í fyrri umsögn SFF og lagt er til að b. liður 2. tölul. 46. gr. frumvarpsins orðist svo:

Við 15. gr. a bætist nýr töluliður, svohljóðandi: Við útgáfu rafeyris, í skilningi laga um útgáfu og meðferð rafeyris, þegar fjárhæð rafeyris sem geymd er á greiðslumiðli fer ekki yfir 250 evrur þegar um er að ræða greiðslumiðil sem ekki er hægt að endurhlaða eða fjárhæð rafeyris sem geymd er á greiðslumiðli fer ekki yfir 500 evrur þegar um er að ræða greiðslumiðil sem ekki er hægt að endurhlaða og einungis er notaður í greiðslur **innan sama lands** eða heildarfjárhæð rafeyris sem geymd er á greiðslumiðli fer ekki yfir 2.500 evrur á almanaksárinu þegar um er að ræða endurhlaðanlegan greiðslumiðil, nema þegar handhafi innleysir rafeyri að hærri fjárhæð en 1.000 evrur innan sama almanaksárs.

Þessum athugasemdum hefur einnig verið komið á framfæri við Atvinnuvegnaráðuneytið.



Kær kveðja / Best Regards,

Vigdís Halldórsdóttir
lögfræðingur/lawyer
Samtök fjármálafyrirtækja
Farsími / Mobile · +354 868 9015
Beinn Sími / Phone · +354 591 0405
vigdis@sff.is - www.sff.is